

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 221/2013**

2014/EES/29/09

frá 13. desember 2013

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2013 frá 11. mars 2013 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar viðbætur og breytingar varðandi vörur sem falla undir þann viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir emamektinbensóat, etófenprox, etoxasól, flútríafól, glýfosfat, fosmet, pýraklóstróbín, spínósað og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 500/2013 frá 30. maí 2013 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, stofn BV-0001 af *Adoxophyes orana granulovirus*, asoxýstróbín, klóbíanidín, fenyprásamín, heptamaloxyloglúkan, metrafenón, stofn 251 af *Paecilomyces lilacinus*, própíkónasól, kvisalófóp-P, spírómesífen, tebúkónasól, þíametoxam og veikan stofn af *kúrbítsgulgulmósaikveiru* í eða á tilteknum afurðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2013 frá 12. júlí 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,4-DB, dímetómorf, indoxakarb og pýraklóstróbín í eða á tilteknum afurðum <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0212**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2013 frá 11. mars 2013 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 30),
- **32013 R 0293**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2013 frá 20. mars 2013 (Stjtið. ESB L 96, 5.4.2013, bls. 1),
- **32013 R 0500**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 500/2013 frá 30. maí 2013 (Stjtið. ESB L 151, 4.6.2013, bls. 1),
- **32013 R 0668**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2013 frá 12. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 39).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 5.4.2013, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 151, 4.6.2013, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 39.

## 2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0212**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2013 frá 11. mars 2013 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 30),
- **32013 R 0293**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2013 frá 20. mars 2013 (Stjtið. ESB L 96, 5.4.2013, bls. 1),
- **32013 R 0500**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 500/2013 frá 30. maí 2013 (Stjtið. ESB L 151, 4.6.2013, bls. 1),
- **32013 R 0668**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2013 frá 12. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 39).“

## 3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 212/2013, (ESB) nr. 293/2013, (ESB) nr. 500/2013 og (ESB) nr. 668/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Dórir Ibsen***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.